

Nd.

320. Frumvarp til laga

um friðun æðarfugla.

(Lagt fyrir Alþingi 1941.)

1. gr.

Enginn má drepa æðarfugl af ásettu ráði. Sé það gert, varðar það 100 kr. sekt fyrir hvern fugl, sem drepinn er. Sektin tvöfaldast við hverja ítrekun brotsins, allt að 1000 kr. Sé fuglinn drepinn með byssuskoti, er byssan upptæk, og rennur andvirði hennar í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

2. gr.

Enginn má kaupa eða selja æðaregg, eða á nokkurn hátt af hendi láta, nema eggskurn til visindalegra þarfa. Þó má greiða þeim mönnum, er varp hirða, borgun fyrir starf sitt í eggjum, ef þeir óska. Eigi má hirða eða á nokkurn hátt nýta dauða æðarfugla eða hluta af þeim.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum frá 50—1000 kr.

3. gr.

Frá 15. apríl til 15. júlí eru öll skot bönnuð nær friðlýstu æðarvarpi en 2 km, nema brýna nauðsyn beri til.

4. gr.

Frá 15. apríl til 15. júní má enginn, án leyfis varpeiganda, leggja hrognkelsanet eða önnur net nær friðlýstu varplandi hans en $\frac{1}{4}$ km. frá stórstraumsfjörumáli.

5. gr.

Hvergi á Íslandi má leggja æðarfuglanet.

Brot gegn ákvæðum 3., 4. og 5. gr. varða sektum frá 50—1000 kr., auk sekta samkv. 1. gr. fyrir fugla þá, sem drepnir eru með netunum eða skotunum. Netin skulu upptæk, og rennur andvirði þeirra í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

6. gr.

Sýslumenn skulu ár hvert á manntalsþingum, ótilkvaddir og ókeypis, friðlýsa öllum æðarvörpum í lögsagnarumdæminu og brýna fyrir mönnum að hlýða lögum þessum.

Nú vill einhver koma á fót nýju æðarvarpi í landareign ábúðarjarðar sinnar, og skal hann þá senda sýslumanni skriflega yfirlýsingu um það. Skal þar skýrt frá legu varplandsins, afstöðu þess, ummerkjum og umbúnaði. Skýrslu þessari fylgi vottorð tveggja áreiðanlegra manna um að hún sé rétt og að þeir telji landið vænlegt til æðarvarps. Síðan friðlýsir sýslumaður varplandinu ókeypis á næsta manntalsþingi.

7. gr.

Lögreglustjórar, hæppstjórar og hafnsögumenn skulu sérstaklega leiða athygli erlendra skipstjóra að lögum þessum, og skulu þau vera til útbýtingar hjá lögreglustjórum landsins á íslenzku, ensku, þýzku, frakknesku og dönsku.

8. gr.

Sektir þær, sem ákveðnar eru í lögum þessum, renna að $\frac{1}{3}$ í sveitarsjóð, en að $\frac{2}{3}$ til uppljóstrarmanns.

Mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 58 10. nóvember 1913, um friðun æðarfugla.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Lengi hefur verið vitað, að æðarvarp fer mjög minnkandi víðast hvar á landinu. Þetta veldur þjóðhagslegu tjóni, og er eigi við unandi.

Síðastliðið vor vann dr. Finnur Guðmundsson að rannsóknum á lifnaðarháttum æðarfuglsins. Hefur hann samið allýtarlega skýrslu um þessar rannsóknir, sem nú er fullprentuð og verður send öllum alþingismönnum. Er í skýrslu þessari ýmsan fróðleik að finna, og m. a. lætur höfundurinn þar í ljós álit sitt á orsökum til hnignunar æðarvarpsins. Telur hann, að minnkandi æðarvarp hin síðustu ár stafi einkum af því þrennu, að svartbakur eyði mjög æðareggjum og ungum, fullorðni fuglinn sé drepinn af mannavöldum, og loks valdi vankunnáttu og kæruleysi í hirðingu æðarvarps nokkru um. — Eru í skýrslunni færð rök fyrir þessari skoðun, og verða þau eigi endurtekin hér.

Fyrir þetta þing mun verða lagt frumvarp til laga um eyðingu svartbaks, og verður það að teljast mikilvægur þáttur í verndun og viðreisn æðarvarpsins. En

hins er ekki heldur að dyljast, að æðarfugl mun vera allmikið skotinn umhverfis landið, og hefur eigi verið litið nægilega alvarlegum augum á það atriði. Hin lágu sektarákvæði laganna frá 1913, um friðun æðarfugla, munu eiga á þessu nokkra sök. Sektir fyrir æðarfugladráp eru því hækkaðar mjög í frumvarpi þessu, eða úr 10—400 kr. í 100—1000 kr.

Í lögum nr. 83/1940, um friðun arnar og vals, eru lagðar 100—1000 kr. sektir við drápi þeirra fugla. Er ekki eðlilegt, að tjón á mesta nytjafugli landsins sé látið varða lægri sektum.

Í gildandi lögum er eigi bannað að hagnýta sér þá æðarfugla, sem af tilviljun koma í net. Er hugsanlegt, að menn freistist til að leggja t. d. hrognkelsanet með það fyrir augum, að æðarfugl festist í þeim. Þykir rétt að taka fyrir slíkt með því að banna með öllu að hagnýta dauða æðarfugla.